

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn og samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

14. febrúar 1975.

Nr. 47.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Njarðvík.

1. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Njarðvík.

Óheimilt er skipum í Njarðvíkurhöfn að taka vatn annars staðar í Njarðvík en úr æðum vatnsveitu Njarðvíkurhrepps, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnsveitan ákveður.

2. gr.

Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar, en í umboði hennar fer sveitarstjóri, oddviti eða hver sá, sem hreppsnefnd ræður til þess, með daglega umsjón, rekstur og framkvæmd starfa er vatnsveituna varða.

3. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki bygginganefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi hreppsins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í hreppnum spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er hreppsnefnd að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í hreppnum, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

5. gr.

Hver sá, er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar, eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Engum er heimilt án leyfis vatnsveitustjóra eða slökkviliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartrúflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

7. gr.

Sá, er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu vatnsveitunnar, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af þar til hæfum manni, er hlotið hefur til þess löggildingu sveitarstjórnar.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af sveitarstjórn, hafa einir rétt til þess að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir hera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Enn fremur má svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseiganda, og sé það gert, skal þípulagningarmeistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Áliti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

10. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar og götuæðar.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituum æðum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagður af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

11. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af fasteignum, og skal skatturinn miðaður við gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, fiskvinnsluhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukaskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar og verður auka- vatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Sveitarstjórn getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli og sett um það sérákvæði.

12. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshald innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar.

13. gr.

Um gjöld og innheimtu þeirra gilda ákvæði gjaldskrár.

14. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrir-mælum vatnsveitunnar um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

15. gr.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem vatnsveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og getur þá vatnsveitan látið vinna það, sem þarf, á kostnað viðkomandi aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan innheimta hjá aðila, og má beita löglaki, ef þörf krefur.

16. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til þess.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samín er af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.